



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir 3.2. og 3.3. í aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 17. ágúst sl. var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir 3.2. og 3.3. í aðgengisstefnu borgarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað aðgerðir 3.2 og 3.3 í Aðgengisstefnunni eru staddar í borgarkerfinu?: Aðgerð 3.2: Gefnir séu út gátlistar um aðgengismál á viðburðum sem berist sviðum og starfsstöðum borgarinnar. Markmið 3.2: 10-15 viðburðum verði fylgt eftir með könnunum á framkvæmd og að 75-90% viðburða hafi nýtt gátlista. Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við velferðarsvið, umhverfis- og skipulagssvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið. Aðgerð 3.3: Skipulagning stærri viðburða í borginni sem fela í sér lokanir gatna og verulegt inngríp í leiðakerfi almenningsgangna fari fram í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar og eftir atvikum einnig önnur hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Ábyrgð: Menningar- og ferðamálasvið.

Óskað var umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með bréfi dags. 18. ágúst 2023

Svar:

Aðgerð 3.2. er þegar komin í vinnslu og er langt komin. Drög að gátlista um aðgengismál munu í framhaldinu verða lögð fyrir aðgengis- og samráðsnefnd til umsagnar við fyrsta tækifæri. Lagt er upp úr því að gátlistinn verði einfaldur í notkun en taki jafnframt mið af fjölbreyttum aðgengisþörfum. Vinnu við gerð gátlistans ætti að vera lokið nú á haustmánuðum. Eftirfylgni mun svo eiga sér stað þegar gátlistinn verður kominn í notkun.

Aðgerð 3.3. er einnig komin í vinnslu. Fulltrúi frá viðburðateymi borgarinnar mætti á fund aðgengis- og samráðsnefndar þann 15. júní sl. til þess að ræða fyrirkomulag gatnalokana á menningarnótt og er gert ráð fyrir að slíkt fyrirkomulag verði viðhaft fyrir alla stærri viðburði í borginni framvegis. Þannig geti aðgengis- og samráðsnefnd komið á framfæri sínum athugasemdum um hvað betur mætti fara og viðburðateymi rætt væntanlegar áskoranir í aðgengismálum við nefndina. Einnig er gert ráð fyrir samráði í kjölfar viðburða til að ræða ábendingar sem borist hafa vegna aðgengismála.

Virðingarfyllt,
Tómas Ingi Adolffson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa